



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn sambandsins

Dags.: 27. maí 2019

Sendandi: framkvæmdastjóri

Málsnr.: 1904015SA

Málalykill: 00.03

Efni: Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga og aukalandsþing

I. Inngangur

Í minnisblaði þessu er fjallað um undirbúning að gerð tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga og aukalandsþing sem þarf að halda í tengslum við þá vinnu og ákvörðun um tímasetningu þess.

II. Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga

Árið 2018 var með lögum nr. 53/2018 bætt við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011, ákvæðum um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Samkvæmt þeim skal ráðherra sveitarstjórnarmála leggja að minnsta kosti á þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga til fimmtán ára í senn. Í áætluninni skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára á þessu sviði.

Meginmarkmið stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga er að draga saman meginþætti langtímastefnumörkunar ríkisins í þeim málaflokkum sem snúa að verkefnum sveitarfélaga og stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga á þeim sviðum með heildarhagsmunum sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt að setja fram leiðarljós um hvert stefna skuli í málefnum sveitarstjórnarstigsins með eflingu þess og sjálfbærni að markmiði.

Samkvæmt reglugerð um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga, nr. 1245/2018, skal fjögurra manna starfshópur gera tillögu til ráðherra að framangreindri áætlun í samræmi við áherslur ráðherra og markmið sem starfshópurinn skal hafa að leiðarljósi. Starfshópurinn var skipaður í fyrsta sinn með skipunarbréfi ráðherra þann 27. desember 2018.

Samkvæmt framangreindri reglugerð skal við mótun tillögu að þessari áætlun haft samráð við ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög. Þá skal horfa til stefnumörkunar sambandsins sem og þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í byggðaáætlun og sóknaráætlunum. Loks skal almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum í opnu samráðsferli.

Starfshópurinn er skipaður tveimur fulltrúum ráðherra, þeim Valgarði Hilmarssyni, fyrrverandi sveitarstjóra Blönduósbæjar, sem er formaður starfshópsins, og Sóleyju Björk Stefánsdóttur, bæjarfulltrúa í Akureyrarbæ, og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, þeim Aldísi Hafsteinsdóttur, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóra í Hveragerði og Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra í Reykjavík.

Með starfshópnum starfa Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri í fjármála- og

efnahagsráðuneyti og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefnisstjóri er Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, en auk hennar vinnur Tinna Dahl Christiansen, sérfræðingur í sama ráðuneyti, fyrir starfshópinn.

Starfshópurinn vann svokallaða grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga og setti til umfjöllunar í samráðsgátt stjórnvalda [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1375](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1375) sem ætlað er að hvetja til umræðu um núverandi stöðu, helstu viðfangsefni og framtíðarsýn fyrir sveitarstjórnarstigið, ásamt áherslum og ólíkum leiðum. Sveitarstjórnarfólki um land allt, almenningi, félagasamtökum og fyrirtækjum, er boðið að taka þátt og leggja fram sjónarmið um áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir að árangri. Athugasemdum skal skilað eigi síðar en þriðjudaginn 11. júní nk.

Þegar þetta er ritað hafa fulltrúar starfshópsins haldið fundi með stjórnnum sjö landshlutasamtaka sveitarfélaga, en fulltrúar allra sveitarfélaga á viðkomandi svæðum fengu boð á þessa fundi, þar sem grænbókin var kynnt og kallað eftir því að hún fengi umfjöllun í öllum sveitarstjórnnum. Hvatt er til að sem flestir skili inn umsögnum, athugasemdum og svörum við þeim 50 spurningum sem settar eru fram í grænbókinni. Þær ná til áherslna og ýmissa áskorana sem sveitarstjórnarstigið stendur frammi fyrir, m.a. hvað varðar efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbærni.

Einnig stendur til að kynna grænbókina fyrir almenningi með því að setja borða á stærstu vefmiðla landsins og einhverja landsbyggðarmiðla þar sem grænbókin og samráðið er auglýst og tengt við samráðsgáttina. Athugasemdafrestur er til þriðjudagsins 11. júní nk.

III. Aukalandsþing

Samfara úrvinnslu þeirra athugasemda sem munu berast hefst vinna við svokallaða hvítbók um sama mál sem er í reynd tillaga að stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Reiknað er með að hún verði sett inn í samráðsgáttina í júlí eða ágúst nk. og að athugasemdafrestur verði fram í miðjan september. Á því stigi er nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn komi saman til að fjalla um tillöguna. Í ræðu formanns sambandsins á landsþinginu sem haldið var 29. mars sl. kom fram að boða þyrfti til aukalandsþings vegna þeirrar vinnu sem hér hefur verið lýst. Er það gert á grundvelli eftirfarandi ákvæðis í stefnumörkun sambandsins í grein 3.1.3:

„Sambandið styður við stækkun og eflingu sveitarfélaga. Stefnumótandi ákvarðanir verða ekki teknar nema með aðkomu landsþings.“

Hér er lagt til að aukalandsþingið verði haldið föstudaginn 6. september nk. kl. 10:00-14:30 á Grand hóteli, en hótelið hefur verið verið bókað á þessum tíma. Stjórn sambandsins þarf að taka formlega ákvörðun um að boða til aukalandsþingsins og ákveða tímasetningu þess.

Ráðherra sveitarstjórnarmála stefnir að því að mæla fyrir endanlegri tillögu að stefnu um málefni sveitarfélaga snemma á komandi haustþingi og ljóst er að tillaga hans hlýtur að markast mjög af umfjöllun og afgreiðslu landsþingsins á málinu

-KB-